

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn skal vera óraskaður. Stefndi Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda Viggo Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dómnum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Nr. 10/1913

Guðmundur Jónasson  
gegn  
Kristjáni Böving.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Guðmundur Jónasson, fyrverandi kaupmaður í Frakkanesi, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Dalasýslu gegn hinum stefnda, cand. pharm. Kristjáni Böving, til þess að fá hann dæmdan til sekta eða fangelsis fyrir að hafa breytt út um sig og bókað fyrir rétti ærumeiðandi óhróður, en málinu var með dómi réttarins 14. sept. f. á. vísað frá gestaréttinum og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í kost og tæring 5 krónur.

Þessum dómi hefir Guðmundur Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 29. jan. þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað heim til nýrrar dómsáleggingar að efninu til og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að

greiða sér málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati yfirdómsins.

Frávisun málsins frá gestaréttinum var eftir kröfu stefnda bygð á því, að stefndi ætti eigi lögheimili í Skarðstrandarhreppi, þar er málið var höfðað samkvæmt gestaréttarstefnunni, enda taldi dómarrinn það viðurkennt af áfrýjanda í stefnunni, þar sem stefndi var kendur við Kaupmannahöfn («Kristjan Böving af Köbenhavn») og sagður dvelja á Skarði sem stæði («som for Tiden opholder sig paa Skarð»), að heimilisfang hans væri í Kaupmannahöfn. En þótt stefndi ætti heimilisvarnarþing sitt annarstaðar en þar, sem málið var höfðað — og eftir skýrslum málsins er ekki heimild til að gera ráð fyrir öðru — þá ber á það að líta, að mál þetta var höfðað af áfrýjanda gegn stefnda til refsingar á hendur honum fyrir illmæli, er áfrýjandi taldi hann hafa haft um sig í Skarðstrandarhreppi, en áfrýjanda var þá heimilt samkvæmt N. L. 1—2—16, 1. málsgrein, að lögsækja stefnda þar, þótt þar væri eigi lögheimili hans. Stefndi var og gestur í þinghánni eða staddur þar, er málið var höfðað, og var það þá enn fremur lögum samkvæmt, að málið væri rekkið fyrir gestarétti.

Samkvæmt þessu voru ekki lög til þess að vísa málinu frá gestaréttinum, og ber því að ómerkja hinn áfrýjanda dóm og vísa málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda, og ákveðst hann 20 krónur.



Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar og dómsáleggingar.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndi áfrýjanda 20 krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júnímán.

Nr. 58/1912:

Emil Strand fyrir hönd  
hlutafélagsins »Adda«  
gegn

Magnúsi sýslumanni Jónssyni  
fyrir hönd dánarbús Jóns Jónssonar og Guðmundi Ólafssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi, Emil Strand fyrir hönd hlutafélagsins »Adda«, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Reykjavíkur á hendur eigendum kútterskipsins »Bergþóra«, Jóni Jónssyni bónda í Melshúsum og Guðmundi Ólafssyni bónda í Nýjabæ, til skaðabóta fyrir tjón, er félagið hefði beðið af völdum téðs skips við það, að skipshöfnin í ofviðri nóttina milli 27. og 28. febrúar 1910 leysti úr festum hér á höfninni vélarbátinn Adda I, eign félagsins, svo að hann rak í land og stórskemdist. En með dómi nefnds rétt-